

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1149/2012

2013/EES/28/52

frá 4. desember 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun á rósarínkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta (*)

FRAMKVÆMDASTJÖRN EVROPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.
- 2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.
- 4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á rósarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.
- 5) Þráavarnarefni eru efni sem lengja geymsluþol matvæla með því að verja þau skemmdum af völdum oxunar, t.d. þránun fitu og litabreytingum. Notkun rósarínkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta bætir stöðugleika fituefna og olía í uppskriftinni (t.d. jurtaolíu, fitu í kjöti, osti og mjólkurafurðum sem eru notaðar sem innihaldsefni) yfir allan geymsluþlostíma vörunnar. Bragðið af fylltu, þurrkuðu pasta er stöðugra og laust við skynmatsgalla og óæskilega lykt og bragð vegna fituoxunar.

- 6) Matvælaöryggisstofnun Evrópu lagði mat á öryggi rósarínkjarna þegar hann er notaður sem matvælaaukefni⁽³⁾. Á grundvelli öryggismarka, sem fást með því að notast við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif⁽⁴⁾ úr mismunandi rannsóknum, þar sem hæsta prófaða skammtastærð miðaðist við mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif, og með því að áætla fæðutengd váhrif hóflega var komist að þeirri niðurstöðu að notkun rósarínkjarna við tillagða notkun og notkunarmagn, eins og lýst er í vísindalega álitinu, skapi ekki öryggisvanda. Inntekið magn til viðbótar, sem byggist á nýrri notkun í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta hefur ekki veruleg áhrif á heildarinntöku. Því er rétt að leyfa notkun rósarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun rósarínkjarna (E 392) sem þráavarnarefni í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta telst uppfærsla á þeirri skrá sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.
- 8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum⁽⁵⁾, gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun rósarínkjarna (E 392) í fyllingar í fyllt, þurrkað pasta fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökdag að því er varðar þessa notkun matvælaaukefnisins.
- 9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 333, 5.12.2012, bls. 40. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2013 frá 3 maí 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, biður birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1

⁽³⁾ *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2008) 721, 1–29.

⁽⁴⁾ Mörk um engin merkjanleg, skaðleg áhrif (NOAEL) — skammtur eða styrkur efnis sem er prófað þar sem engin skaðleg áhrif finnast.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. desember 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO
